

Því dæmist rjett að vera:

Hinn áfrýjandi dómur á ómerkur að vera og visast málinu frá undirrjetti. Málskostnaður fyrir báðum rjettum falli niður. Málflutningslaun til hins skipaða talsmanns áfrýjanda fyrir yfirdómi, málaflutnigsmanns Franz Siemens, greiðist af almanna fje með 10 krónum. —

Mánudaginn 21. júnímán.

Nr. 6/1886

Fyrrum alþingismaður  
Egilsson

gegn  
skraddara Elisen.

D ó m u r :

Með dómi bæjarþingsrjettar Reykjavíkurkaupstaðar 26. nóvbr. f. á., var fyrrum alþingismaður Egilsson dæmdur til að greiða skraddara Elisen skuld, að upphæð 44 kr. 25 a. og 5<sup>0</sup>/<sub>10</sub> vexti af henni frá sáttakærudegi til borgunardags, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Egilsson áfrýjað til landsyfirdómsins með stefnu, dagsettri 10 marz þ. á., og krafizt fyrst og fremst, að málinu verði frávísað og honum dæmt hæfilegt í kost og tæring, og mótparturinn sektaður fyrir óþarfa þrætu, en til vara, að hann verði sýknaður af öllum kærum og kröfum mótpartsins, en mótparturinn dæmdur í hæfilegan málskostnað og sektaður fyrir óþarfa þrætu.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi krafizt, að hinn áfrýjandi dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur

til að græiða honum 30 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Að því til aðalkröfu áfrýjanda kemur, þá getur hún ekki komið til álita fyrir þá sök, að hann ekki hefur sjerstaklega áfrýjað úrskurði bæjarþingsdómsins um frávisunarkröfu hans fyrir þeim dómi. —

Mál þetta er þannig vaxið, að hinn stefndi telur til skuldar hjá áfrýjanda, að upphæð 44 kr. 25 aura, fyrir föt, er hann hafi fengið hjá stefnda á árunum 1878 og 1879, sumpart til sölu fyrir stefnda, sumpart í eigin þarfir, og hefur hinn stefndi því til sönnunar lagt fram reikninga yfir viðskipti þeirra málsaðila.

Samkvæmt reikningum þessum hefur áfrýjandi ekkert fengið til eigin þarfa 1878, heldur aðeins föt til útsölu, en 1879 hefur hann ekki fengið önnur föt til útsölu en 1 jakka, að því virðist, einmitt hinn umþráttada jakka.

Þessum reikningum hefur áfrýjandi ekki mótmælt að öðru en því, að í þá vanti að creditera sig fyrir jakka, er Símon heitinn Johnsen kaupmaður hafi fengið hjá sjer af þeim fötum, er hann hafi haft til útsölu fyrir hinn stefnda, og hafi andvirði hans verið 44 eða 42 kr., en Símon kaupmaður sjálfur greitt það Elisen. Gegn þessari aðfinningu áfrýjanda virðast hinir framlögðu reikningar ekki geta álitizt fullgild sönnun fyrir skuld áfrýjanda. En þegar þess er gætt, að áfrýjandi ekki, að því sjeð verður, nokkru sinni hefur mótmælt þessum reikningum Elisens fyr en í þessu máli, og rjett á undan, eða fundið það að þeim, að honum ekki hafi verið crediterað andvirði þess jakka, er Símon kaupmaður

Johnsen fjekk, en krafa Elisens styrkist mjög svo af svarbrjefi Egilssons til hans, dags. 24. marz 1882, með hverju hann sendir honum 100 kr. upp í þær 144 kr. 25 a., er Elisen þá taldi sig eiga hjá honum, og í hverju hann jafnframt getur þess, að hann muni greiða eptirstöðvarnar eptir því sem nánar segir í brjefinu, án þess um leið að hreifa neinum mótmælum gegn hinni heimtuðu upphæð, þá virðast svo miklar líkur vera komnar fram til þess, að krafa hins stefnda sje rjett, að úrslit málsins eigi að vera komin undir því, að áfrýjandi synji fyrir það með eiði, að hann árið 1879 hafi fengið frá stefnda jakka til útsölu, er hann seldi Símoni kaupmanni Johnsen.

Ef því áfrýjandi eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi fengið jakka til útsölu frá hinum stefnda árið 1879, er hann seldi kaupmanni Símoni Johnsen, á hann að vera sýkn af kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli; en treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, á hann að greiða hinum stefnda 44 kr. 25 au. með 5<sup>o</sup>/<sub>o</sub> vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags.

Vinni áfrýjandi eiðinn, skal málskostnaður fyrir báðum dómum falla niður; en vinni hann ekki eiðinn, skal hann greiða hinum stefnda málskostnað með 20 krónum.

Til að sekta hinn stefnda fyrir óþarfa málsýfingu virðist ekki vera nein ástæða.

Því dæmist rjett að vera:

Ef áfrýjandi, Egilsson, eptir löglegan undirbúning á sínu varnarþingi vinnur eið að því, að hann ekki hafi fengið jakka til útsölu frá hinum stefnda árið 1879, er hann ljet Símon kaupmann Johnsen fá til kaups, á hann að vera sýkn af kærur og kröfum hins stefnda, Elisens, í þessu máli, en málskostnaður fyrir báðum dómum falli niður. En treysti hann sjer ekki til að vinna svofelldan eið, á hann að greiða hinum stefnda 44 kr. 25 aura með 5% vöxtum frá sáttakærudegi til borgunardags og í málskostnað 20 krónur.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júnímán.

Nr. 12/1886

Hið opinbera

gegn

Th. J. Skylv.

D ó m u r :

Með dómi gengnum í lögreglurjetti Sudurmúlasýslu 20. sept. 1884 var skipstjóri Th. J. Skylv fyrir brot gegn fiskiveidasamþykkt Norðfjarðar, dagsettri 15. septbr. 1880, dæmdur til þess að greiða 40 kr. sekt og málskostnað eptir reikningi. Þessum dómi hefur